

Mánudaginn 2. marz 1959.

Nr. 23/1959. Ólafur B. Stefánsson

gegn
valdstjórninni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Úrskurður héraðsdómara ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. janúar sl., sem barst Hæstarétti 9. f. m., hefur sóknaraðili kært til dómsins „úrskurð“ lögreglustjóra Keflavíkurflugvallar, Björns Ingvarssonar, um að svipta sóknaraðilja ökuréttindum til bráðabirgða, en „úrskurður“ þessi var kveðinn upp í sakadómi Keflavíkurflugvallar 27. janúar sl.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði „úrskurður“ verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Hvorki kröfur né greinargerð hafa borizt frá fyrirsvaramanni valdstjórnarinnar.

Samkvæmt 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, skal ákvörðun lögreglustjóra um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða borin undir úrskurð dómara. Þann úrskurð getur aðili því næst kært til Hæstaréttar samkvæmt XXI. kafla laga nr. 27/1951. Samkvæmt 164. gr. þeirra laga skulu úrskurðir, sem upp eru kveðnir í sambandi við rannsókn eða flutning opinbers máls, vera byggðir á forsendum og nægilega skýrir og glöggir. Algerlega skortir á, að skilyrðum þessum hafi verið fullnægt um þá ákvörðun héraðsdómara, sem kærð er í máli þessu. Verður því að ómerkja ákvörðun þessa og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða ákvörðun er ómerk, og visast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Keflavíkurflugvallar 27. janúar 1959.

Með því að sterkar líkur eru fram komnar fyrir því við rannsókn máls þessa, að kærður hafi ekið bifreið sinni frá flugstöðvarbyggingunni til útibús Aðalstöðvarinnar hér í umrætt skipti, þá þykir vegna öryggis umferðarinnar og meðan mál þetta er í rannsókn, verða að svipta hann ökuréttindum til bráðabirgða skv. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaganna.

Því úrskurðast:

Ólafur Stefánsson skal sviptur ökuréttindum til bráðabirgða frá í dag að telja.

Mánudaginn 2. marz 1959.

Nr. 54/1958. **Guðni Jónsson,**
Sigurður Jón Guðmundsson
 og
Einar K. Gíslason
 gegn
Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka.

Mál hafið. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm í dag, var þess krafizt af hálfu áfrýjenda, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefnda var sótt dómþing og krafizt ómaksbóta. Samkvæmt þessu verður mál þetta hafið og stefnda dæmdar ómaksbætur in solidum úr hendi áfrýjenda, kr. 800,00.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjendur, Guðni Jónsson, Sigurður Jón Guðmundsson og Einar K. Gíslason, greiði in solidum stefnda,